

**Stofnanasamningur**  
**Félagsráðgjafafélag Íslands**  
og  
**Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins**

**1. Gildissvið**

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Félagsráðgjafafélagi Íslands sem starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Samningur þessi byggir á 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs.

**2. Meginmarkmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

**3. Starfaflokkar og röðun**

**3.1** Forsendur starfaflokka (hópa) byggja m.a. á skipuriti, eðli starfa, ábyrgð og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Hópur      Gr.fl.      Skýringar.

I            5        Félagsráðgjafi 1, byrjandi fyrsta eitt árið í starfi.

II           7        Félagsráðgjafi 2, eftir a.m.k. eitt ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur undir stjórn annars félagsráðgjafa.

- |            |           |   |
|------------|-----------|---|
| <b>III</b> | <b>9</b>  | Félagsráðgjafi 3, vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf. Ber ábyrgð á og skipuleggur þjónustuna.  |
|            | <b>10</b> | Félagsráðgjafi 4, vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf. Ber ábyrgð á og skipuleggur þjónustuna. Hann ber ábyrgð á fagsviði á viðkomandi starfsstöð.  |
| <b>IV</b>  | <b>11</b> | Félagsráðgjafi 5, vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf. Ber ábyrgð á og skipuleggur þjónustuna. Hann ber ábyrgð á fagsviði á viðkomandi starfsstöð. Leiðir teymi innan starfsstöðvar og hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun starfsstöðvar. |

- 3.2 Félagsráðgjafi sem starfað hefur hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í samtals 5 ár hækki um einn lfl. í starfaflokkum.
- 3.3 Launaður staðgengill samkv. kafla 9 í kjarasamningum aðila raðist einum lfl. ofar en grunnröðun aðalstarfs viðkomandi er.
- 3.4 Félagsráðgjafi sem starfar einn á sérsviði (fagsviði) á starfstöð raðist tveimur launaflokkum hærra en grunnröðun í starfaflokkum.

#### 4. Mat á einstökum þáttum

- 4.1 Starfsaldur (reynsla) er metinn á láréttum ás.
  - Félagsráðgjafi hækkar um eitt þrep eftir þriggja ára starf í heilsugæslu. Heimilt er að meta allt að þriggja ára starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.
  - Félagsráðgjafi hækkar um eitt þrep eftir níu ára starf í heilsugæslu.
- 4.2 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás fyrir starfaflokka. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingi. Samkvæmt þessu ákvæði getur félagsráðgjafi hækkað um allt að 5 þrep.
  - Félagsráðgjafi sem lokið hefur doktorsprófi fær 5 þrep í álag.
  - Félagsráðgjafi sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi, að lámarki 30 ECTS einingar fær eitt þrep í álag.
- 4.3 Heimilt er að hækka starfsmann í starfaflokkum II til IV um allt að tvö álagsþrep ef hann/starfið uppfyllir forsendur sem vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar HH og FÍ koma sér saman um, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun. Sjá nánar bókun nr. 1.

- 4.4** Félagsráðgjafi sem áunnið hefur sér hækkan vegna þátta samkvæmt greinum 4.1-4.4 ofan á grunlaunatölum launaflokks sem er umfram 8. þrep færist í næstu launatölum næsta launaflokks fyrir ofan.

## 5. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári ber yfirmanni að boða hvern starfsmann í samtal til að ræða starf hans og starfssvið.

Tilgangur samtalanna er:

- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar.
- Tryggja skýrleika í starfseminni.
- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanna og stjórnenda.
- Vinna að framförum starfsmanna m.t.t. hæfni í starfi.
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnenda.
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna.
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsandann.
- Endurmat á starfssviði með tilliti til starfslýsinga.

## 6. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. mars 2013.

Reykjavík, 22. apríl 2013

F.h.

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

F.h.

Félagsráðgjafafélags Íslands

**Bókanir**  
með stofnanasamningi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins annars vegar og  
Félagsráðgjafafélags Íslands hins vegar dags. 22. apríl 2013.

**Bókun 1:**

Samningsaðilar skipa hvor um sig two aðila í vinnuhóp til að vinna að útfærslu á grein 4.3 Vinnuhópur skal hefja störf eigi síðar en 1. maí 2013 og ljúka vinnu sinni fyrir 1. júlí 2013.

  
  


  
S. G.  
HA